

REGLUR UM ÞJÓNUSTU OG STUÐNING

VIÐ FAG- OG KENNSLUGREINAFÉLÖG FÉLAGSMANNA Í KENNARASAMBANDI ÍSLANDS

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR

Fag- og kennslugreinafélög félagsmanna sem leita eftir þjónustu og stuðningi Kennarasambands Íslands (KÍ) þurfa að hafa skráð sig hjá KÍ og skilað inn upplýsingum um starfsemi sína, svo sem lögum félagsins, kennitölu, bankaupplýsingum, félagatali og upplýsingum um stjórn og tengilið.

Þjónusta og stuðningur KÍ er samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. PÓSTFANG, PÓSTHÓLF

Félögunum er heimilt að skrá póstfang sitt í Kennarahúsinu, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík. Póstur félaganna er settur í póstbakka í kjallaragangi. Félögin eru ábyrg fyrir að vitja póstsins reglulega. **Félögin þurfa að veita afgreiðslu Kennarasambandsins upplýsingar um formann eða annan tengilið félagsins við skrifstofuna.**

2. FUNDA- OG VINNUAÐSTAÐA

Félögin geta fengið vinnuáðstöðu og haldið fundi í fundarsal í kjallara með aðgang að eldhúsi. Þar er til afnota sími og tölva með prentara. Þanta þarf funda- og/eða vinnuáðstöðuna í tæka tíð í afgreiðslu Kennarasambandsins og fá afhenta lykla að kjallaranum ef nota á aðstöðuna utan skrifstofutíma. Félögin þurfa sjálf að sjá um veitingar á fundum, ganga frá fundarsal og leirtaui í uppþvottavél.

3. LJÓSRITUN OG PÓSTSENDINGAR

Félögin hafa aðgang að ljósrítunarvél. Kostnaður vegna póstsendinga, pappírs og límmiða telst styrkur til viðkomandi félags og bókfærast þannig hjá Kennarasambandinu.

4. GEYMSLUAÐSTAÐA

Félögin hafa aðgang að skápum fyrir gögn sín í kjallara. Skápláss er takmarkað við **einn skáp** fyrir félag. Ekki er aðstaða til geymslu á bóka- og blaðalager vegna útgáfustarfsemi félaganna.

5. VISTUN FÉLAGASÍÐU UNDIR HEIMASÍÐU KÍ

Félögin geta vistað heimasíður sínar sem undirsíður KÍ síðunnar, þ.e. www.ki.is/nafn-fagreinafelags, sér að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á ki@ki.is.

6. FÉLAGASKRÁ

Skrifstofa Kennarasambandsins tekur að sér að halda félagaskrá fyrir félögin og sér um útprentun á límmiðum og félagalistum. Útprentun þurfa félögin að panta með góðum fyrirvara hjá viðkomandi starfsmanni. Ekki er mögulegt að prenta gíróseðla. **Félögin verða að sjá um grunnupplýsingar fyrir félagaskrá sína** og geta fengið aðgang að starfsmanni félagaskrár Kennarasambandsins við þá vinnu. Breytingum og leiðréttingum verður að koma til viðkomandi starfsmanns skrifstofunnar.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Kennarasambands Íslands 24. mars 2017

REGLUR UM STYRKI

FAG- OG KENNSLUGREINAFÉLAGA FÉLAGSMANNA Í KENNARASAMBANDI ÍSLANDS

Fag- og kennslugreinafélög félagsmanna í Kennarasambandi Íslands geta sótt um styrki til stjórnar KÍ samkvæmt eftirfarandi reglum til að koma til móts við kostnað vegna félagslegra verkefna sem fjárhagur þeirra leyfir ekki.

1. Styrkir skulu einkum veittir til **verkefna innanlands**. Veita má styrki vegna samstarfs við erlend fag- og kennslugreinafélög. Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga. Póst- og efniskostnaður skrifstofu Kennarasambands Íslands vegna fag- og kennslugreinafélaga telst styrkur til viðkomandi félags.
2. Heimilt er að styrkja **sérstaklega félög sem starfa þvert á skólastig og námsgreinar**, s.s. eins og Félag íslenskra sérkennara, Félag náms- og starfsráðgjafa, Faghóp leikskólasérkennara og önnur félög sem starfa á hliðstæðum vettvangi.
3. Stjórn Kennarasambands Íslands tekur ákvörðun um úthlutun styrkja til fag- og kennslugreinafélaga.
4. Umsóknir um styrki skulu berast stjórn Kennarasambandsins á sérstökum eyðublöðum sem eru á heimasíðu KÍ.

5. HÁMARK STYRKJA

Við úthlutun styrkja er horft til fjölda virkra félagsmanna KÍ á félagaskrá fag- og kennslugreinafélaga.

Almennt er heimilt að veita félögum með:

- færri en 30 félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 75.000 kr. annað hvert ár.
- 31 - 100 félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 200.000 kr.
- 101 og fleiri félagsmenn hámarksstyrk að upphæð 350.000 kr.

Styrkir vegna erlends samstarfs falla undir upphæðir hámarksstyrkja. Styrkir vegna erlends samstarfs geta ekki verið hærri en 150.000 kr. á ári.

Við sérstakar aðstæður er heimilt að veita hærri styrki. Það getur m.a. átt við þegar félög taka að sér að forystu í norrænu eða alþjóðlegu samstarfi fag- og kennslugreinafélaga. Að sama skapi getur það átt við í samræmi við ákvæði 2. gr. þessara reglna.

Heildarupphæð styrkja er ávallt háð samþykkt þings KÍ um fjármuni til að styðja við starfsemi fag- og kennslugreinafélaga.

6. Umsóknum skal fylgja **yfirlit um fjárhagsstöðu viðkomandi félags ásamt fjárhagsáætlun** þess verkefnis sem styrkja á, svo og upplýsingar um styrki til verkefnisins sem sótt er um til annarra aðila.
7. Félög þurfa að láta **félagatal fylgja styrkumsókn**, þar sem fram kemur hlutfall virkra félagsmanna í Kennarasambandi Íslands. **Styrkur verður ekki greiddur út nema félagatal liggi fyrir.**

Þannig samþykkt fundi stjórnar Kennarasambands Íslands 24. mars 2017